

Nokkrar staðreyndir  
um lyf og lyfjamál...



Útgefandi:

Frumtök – samtök framleiðenda frumlyfja

Húsi atvinnulífsins

Borgartúni 35

105 Reykjavík

[www.frumtok.is](http://www.frumtok.is)

Ábyrgðarmaður:

Jakob Falur Garðarsson

Hönnun: [dot.is](http://dot.is)

Prentun: [Pixel.is](http://Pixel.is)

# Lyf skipta sköpum...

Þessi litla bók inniheldur ýmsar staðreyndir um lyf og lyfjamál. Bókin er gefin út af Frumtökum, samtökum framleiðenda frumlyfja á Íslandi, með það að markmiði að vera í senn upplýsandi og fræðandi um þann mikilvæga málaflokk sem lyfjamál eru. Lyf eru eitt mikilvægasta úrræði heilbrigðisstarfsfólks og sannarlega ein af meginstöðum öflugs heilbrigðiskerfis. Þau eru dæmi um framúrskarandi vísindastörf mannsins, afrakstur þrotlausra rannsókna og þróunar.

Heimur án lyfja væri mjög ólíkur þeim veruleika sem við búum við í dag. Lyf á borð við sýklalyf og bóluefni koma t.d. í veg fyrir veikindi og bjarga milljónum mannlífa á ári hverju. Lyf gera örugglega kraftaverk á hverjum degi. Því er svo brýnt að ríkur skilningur sé á mikilvægi þess að tryggja sem kostur er, aðgengi okkar allra að bestu fáanlegum lyfjum hverju sinni – því fjármunum sem varið er í góð lyf er sannarlega vel varið, til þess að efla heilbrigði og auka lífsgæði þjóðinni allri til heilla.

Lífsgæði okkar felast einna helst í þeirri öflugu heilsuvernd sem við njótum. Að okkur hlúir vel menntað og sérhæft heilbrigðisstarfsfólk sem býr yfir þekkingu og færni til að lækna og líkna. Traustur aðgangur að góðum lyfjum á ríkan þátt í að gera okkur kleift að búa við það heilsufarslega öryggi sem við þekkjum og teljum sjálfsgagt. Framfarir á sviði læknavísinda hafa verið samtvinnuðar öllum þeim merku áföngum sem náðst hafa í lyfjavísindum. Öll helstu lyf sem við þekkjum urðu til á síðustu öld og nú á 21. öldinni er



þekking á sviði lífvísinda að opna nýjar dyr að betri og markvissari meðferð sjúkdóma og forvörnum gegn þeim.

Það er á þessum vettvangi sem frumlyfjafyrirtækin starfa. Og það eru staðreyndir af þessum vettvangi sem settar eru fram í þessari bók.

F.h. Frumtaka, samtaka framleiðenda frumlyfja,

Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri.

# Miklar framfarir í krabbameinslækningum – Ísland í efsta sæti

Stöðugt eykst fjöldi þeirra krabbameinssjúklinga sem lækna af sjúkdómi sínum, en þessa ánægjulegu staðreynd má lesa úr nýlegri faraldsfræðilegri rannsókn sem nefnist EUROCARE-4. Töluverð aukning er í fjölda þeirra sem lækna af t.d. krabbameini í maga, lungum og ristli. Sjúklingar lifa lengur án þess að þurfa að þola verstu aukverkanir af völdum krabbameinslyfja.

EUROCARE-4 er stærsta faraldsfræðilega rannsókn sinnar tegundar í Evrópu. Í henni eru teknar saman upplýsingar úr krabbameinsskrám 23 Evrópulanda. Nýjustu niðurstöður rannsóknarinnar birtust fyrst í Lancet, einu virtasta fræðitímariti á sviði læknisfræðinnar. Þar voru bornar saman upplýsingar um sjúklinga sem annars vegar greindust á árunum 1988-1990 og hins vegar á árunum 1997-1999.

Í sömu rannsókn voru einnig skoðaðar tölur fram til ársins 2004 um fjölda sjúklinga sem lifa fimm ár eða lengur. Í efsta sæti listans er Ísland en hér lifa 48,5% karla og 58,2% kvenna fimm ár eða lengur eftir greiningu á krabbameini. Til samanburðar má nefna að í Bretlandi sem er í neðsta sæti listans meðal landa í Vestur-Evrópu, eru tölurnar 41,4% fyrir karla og 51,4% fyrir konur. Þar í landi hafa menn áhyggjur af því að þróunin verði ekki í rétta átt ef fram heldur sem horfir og að sjúklingar fái jafnvel ekki aðgang að þeim lyfjum sem þeir sannarlega þurfa á að halda.



# Vissir þú...

- ... **að** þótt þjóðinni hafi fjölgað og til sögunnar komið dýrari og betri lyfjameðferðarúræði hefur lyfjakostnaður hins opinbera, sem hlutfall af heilbrigðisútgjöldum, lækkað verulega undanfarinn áratug. Á sama tíma hafa útgjöld til heilbrigðismála vaxið um 34%. Útgjöld hins opinbera vegna lyfja voru árið 1998 9,01% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála en árið 2007 voru þau 6,83%. Í Danmörku er hlutfallið um 9% og hefur farið vaxandi undanfarin ár, þvert á þróunina hér.
- ... **að** heilðsluverð lyfja er almennt lægra hér á landi en í Danmörku? (sjá verðkannanir Lyfjagreiðslunefndar, [www.lgn.is](http://www.lgn.is) ).
- ... **að** ótímabærum dauðsföllum vegna kransæðasjúkdóma hefur fækkað um 80% hjá Íslendingum á aldrinum 25-74 ára á 25 árum fram til 2006.
- ... **að** á árinu 1981 var dánartíðni vegna kransæðasjúkdóma 55% hjá körlum en fór á 25 árum niður í 29% og hjá konum var dánartíðnin 37% en fór í 17%.
- ... **að** helstu ástæður eru meðal annars hagstæð þróun áhættuþátta, áhrif betri lyfja gegn háu kólesteróli og háþrýstingi og árangursrík meðferð kransæðastíflu á hjartadeildum spítalanna.
- ... **að** vegna þessa árangurs björguðust 295 mannslíf árið 2006
- ... **að** ný lyf hafa tilhneigingu til að kosta meira en eldri. Margir búast því við að með meiri notkun þeirra myndi heildarkostnaður því aukast. Það þarf ekki að vera. Ef nýrri lyf eru gagnmeiri en þau eldri, gæti notkun nýrri lyfja dregið úr öðrum kostnaði, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús. Niðurstaðan er því oftast en ekki aukin lífsgæði og minni kostnaður.
- ... **að** árið 2007 voru um 4400 lyf í klínískri þróun hjá frumlyfjaframleiðendum. Nýjum lyfjum er að jafnaði ætlað að bæta lækni meðferð frá því sem við þekkjum, bæði þegar litið er til langvarandi sjúkdóma og smit-sjúkdóma, þar með talið sjúkdóma sem hrjá milljónir manna en einnig sjaldgæfari sjúkdóma sem aðeins fáeinir þjást af.
- ... **að** í dag má gera ráð fyrir því að við lifum heilum 30 árum lengur en fyrir einni öld eða svo.
- ... **að** dánartíðni hefur lækkað gríðarlega (t.d. af völdum alnæmis, ýmissa krabbameina og hjartasjúkdóma) og lífsgæði hafa aukist verulega vegna þess að rannsóknum á sviði líflækninga hefur fleygt fram.

# Skýrar siðareglur

Frumlyfjaframleiðendur hafa sett fram skýrar siðareglur fyrir starfsfólk sitt um hvernig samskiptum við lækna, heilbrigðisstarfsfólk og við sjúklingasamtök skal háttað.

Lyfjaframleiðendum er ljóst mikilvægi þess að veita nákvæmar, réttmætar og hlutlausar upplýsingar um lyf svo taka megji skynsamlegar ákvarðanir um notkun þeirra. Siðareglunum er því á engan hátt ætlað að hefja kynningu lyfja eða takmarka samskipti við fagfólk í heilbrigðisstétt þannig að það skaði heilbrigða samkeppni. Þess í stað er leitast við að tryggja að lyfjaframleiðendur gæti sannsögli í kynningum og samskiptum, forðist blekkingar og hugsanlega hagsmunaárekstra við fagfólk í heilbrigðisstétt og hlíti viðeigandi lögum og reglugerðum. Í reglunum er því kappkostað að hlúa að umhverfi þar sem almenningur getur verið þess fullviss að lyfjaval Kostir byggist á kostum hvernar vöru og þörfum sjúklinga.

Siðareglurnar gilda um allar kynningar fyrir fagfólk í heilbrigðisstétt á lyfseðilsskyldum lyfjum og samskipti milli fagfólks í heilbrigðisstétt og lyfjaframleiðenda.

Þá eru einnig í gildi siðareglur um samskipti frumlyfjaframleiðenda og sjúklingasamtaka. Augljóst er að hagsmunir lyfjaframleiðenda og sjúklingasamtaka fara oft saman. Til að tryggja að samskipti lyfjafyrirtækja og samtaka sjúklinga fari fram á gegnsæjan og siðferðilegan hátt, hafa eftirfarandi meginreglur verið settar:

1. Sjálfstæði samtaka sjúklinga skal vera tryggt.
2. Samstarf samtaka sjúklinga og lyfjafyrirtækja skal byggjast á gagnkvæmri virðingu þar sem viðhorf og ákvarðanir beggja hafa jafn mikið gildi.
3. Lyfjafyrirtæki skal ekki fara fram á, né skulu samtök sjúklinga taka að sér kynningu á tilteknu lyfseðilsskyldu lyfi.
4. Markmið og umfang samstarfs skal vera gegnsætt. Fjárhagslegur stuðningur og annar stuðningur lyfjafyrirtækis skal alltaf vera skýrt viðurkenndur.
5. Lyfjaframleiðendur fagna almennri fjármögnun samtaka sjúklinga frá sem flestum aðilum.

Reglurnar í heild sinni eru aðgengilegar á vef Frumtaka, [www.frumtok.is](http://www.frumtok.is)

# Berjumst gegn fölsuðum lyfjum - engar málamiðlanir

Fölsuð lyf verða sífellt meira og alvarlegra vandamál. Fram til þessa hefur helst borið á þeim í vefverslunum en dæmi eru farin að berast af fölsuðum lyfjum í hefðbundinni dreifingu. Því er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að vera vakandi gegn þeim vágesti sem fölsuð lyf eru, m.a. með því að kaupa ekki lyf sem hefur verið umpakkað.

Fölsuð lyf geta hæglega verið lífshættuleg. Dæmi eru um að fölsuð lyf hafi bókstaflega innihaldið eiturefni og ekkert virkt lyfjaefni. Falsarar hafa í ríkari mæli snúið sér að gerð eftirlíkingsa af lífsnauðsynlegum lyfjum, t.a.m. er farið að bera á eftirlíkingsum af krabbameins- og hjartalýfjum. Lyfjastofnun fer með eftirlit með lyfjum á markaði og allri starfsemi lyfjafyrirtækja hér á landi. Á heimasíðu stofnunarinnar segir að þetta eftirlit eigi að tryggja eftir bestu getu að þeir sem starfa á þessu sviði fylgi kröfum sem settar eru um gæði lyfja og að gæðin haldist óskert allt þar til lyfin eru notuð og jafnframt að engin dæmi séu um það hér á landi að fölsuð lyf hafi komist inn í hina hefðbundnu dreifingarkerðju lyfja.

Staðreyndin er sú að þótt helsta dreifingarleið falsaðra lyfja sé um Internetið þá er víðar farið að bera á fölsuðum lyfjum. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) áætla að fölsuð lyf séu um 10% allra seldra lyfja í veröldinni en allt að 50% í sumum löndum, einkum í þróunarlöndunum. Lyfjafölsun og sala falsaðra lyfja er grafalvarlegur glæpur

gegn grandalausum almenningi og engu minni glæpur en sala fíkniefna og eiturlyfja, refsiramminn er þó einhverra hluta vegna allt annar. Berjumst gegn fölsuðum lyfjum – kaupum lyf eingöngu af viðurkenndum lyfsölum og tryggjum að ekki verði slakað á ströngum gæðakröfum varðandi innflutning og dreifingu lyfja.




# Við leggjum áherslu á...

Frumtök leggja ríka áherslu á að greiðsluþátttaka hins opinbera í lyfjaverði og verðmyndun lyfja sé sem einföldust og að gagnsæi kerfisins sé tryggt. Mikilvægt er að kerfið byggist á fagmennsku, skilvirkni og hagkvæmni. Markmið greiðsluþátttökukerfis hins opinbera hlýtur að vera að ná fram frekari hagræðingu án þess að gæðum og öryggi verði fórnað en þó ekki síst til að tryggja aðgengi sjúklinga að nauðsynlegum lyfjum og bóluefnum.

Þar sem raunverulegar markaðsaðstæður eru ekki fyrir hendi hvað varðar verðlagningu lyfja er mikilvægt að allir aðilar, svo sem iðnaðurinn, stjórnvöld og kaupendur, fjalli um aðferðir og reglur svo þróa megi verðlagningarkerfi sem endurspegli gildi vörunnar og umbuni nýsköpun. Frumtök hvetja til að mótað verði ferli til að meta klíníska virkni og/eða hagkvæmni lyfja. Hætta er á því í núverandi umhverfi, þar sem megináherslan er á kostnað, að matsferli á nýjungum gangi gegn því sem ætti að vera meginmarkmið þeirra: að finna lyf sem nýtast sjúklingum best, tryggja aðgengi að þeim lyfjum, leyfa val eftir nytsemi og tryggja virka heilbrigðisþjónustu með vandaðri greiningu á nýjungum á heilbrigðissviði. Til lengri tíma litið er það aðferð sem tryggir betri meðferð fjármuna í heilbrigðiskerfinu en viðgengst í dag.

Við kringumstæður sem þær er nú ríkja í samfélaginu, er mikilvægara en nokkru sinni fyrr, að leita samráðs og aðgerða til að tryggja sem kostur er nauðsynleg aðföng lyfja. Frumlyfjaframleiðendur og umboðsaðilar þeirra eru

mikilvægir þátttakendur íslenskrar heilbrigðisþjónustu og eru sem fyrr tilbúnir til að vinna með stjórnvöldum að því að tryggja, sem frekast er kostur, öruggt framboð lyfja. Miklu skiptir, að horfast í augu við staðreyndir máls og viðurkenna þann veruleika að það, að veita hér framúrskarandi heilbrigðisþjónustu er sameiginlegt verkefni allra hlutaðeigandi. Ekki er til farsældar fallið að gera starfsumhverfi fyrirtækjanna meira óaðlaðandi og erfiðara – því sannarlega hefur nú þegar miklum árangri verið náð þegar horft er til þróunar lyfjakostnaðar hins opinbera undanfarin ár.



# Alzheimer – nokkrar staðreyndir

Dagþjálfun heilabilaðs sjúklings kostar um 2,6 milljónir kr. á ári.<sup>1</sup>

Eitt hjúkrunarpláss kostar um 7,6 milljónir kr. á ári.<sup>1</sup>

Lyfjameðferð eins sjúklings kostar um 250 þúsund kr. á ári.<sup>2</sup>

Lyfjameðferð sem seinkar innlögn og/eða dagþjálfun þótt ekki sé nema um sex mánuði getur því sparað umtalsverðar upphæðir.

Algengustu orsakir innlagna Alzheimers-sjúklinga eru hegðunartruflanir og að geta ekki notað salerni.<sup>3</sup>

Vissir þú að umönnunaraðilar heilabilaðra...

...eru í 50% meiri hættu að fá þunglyndi.<sup>4</sup>

...eru í aukinni hættu á sjúkrahúsinnlögn.<sup>5</sup>

...nota allt að 70% meira lyfseðilsskyld lyf en samanburðarhópur.<sup>6</sup>

Vissir þú, að lyf eru alla jafna ódýrasta úrræðið sem völ er á í heilbrigðiskerfinu?

1. [www.stjornarrad.is](http://www.stjornarrad.is)

2. Lyfjaverðskrá

3. Georges J et al Int J Ger Psy 2008; 23:546-551

4. Donaldson C et al 1997

5. George L et al 1984

6. Ernest RL et al 1994

---

# Þunglyndi – nokkrar staðreyndir

Um 14,4% líkur eru á að vera greind/ur með þunglyndi á ævinni.<sup>1</sup>

Óbeinn kostnaður af þunglyndi (frá vinnu, ótímabært andlát o.þ.h.) er 7-23 sinnum hærra en beinn kostnaður (innlagnir, lækniþjónusta, lyf ofl.).<sup>2</sup>

Lyfjakostnaður er aðeins lítið brot af beinum kostnaði, eða 2-11%<sup>1</sup>

Lyf sem fækka veikindadögum og innlögnum sparar samfélaginu því umtalsverðar fjárhæðir.

Að lyf eru alla jafna ódýrasta úrræðið sem völ er á í heilbrigðiskerfinu.

1. P. Berto et al, J. Mental Health Policy Econ. 3, 3-10 (2000).

2. Thomas & Morris, British J of Psy, (2003), 183, 514-519.

# Bóluefni – nokkrar staðreyndir

Bólusetningar draga nafn sitt af uppgötvun breska læknisins Edward Jenners, en árið 1796 benti hann á að nota mætti bóluefni gegn kúabólu til þess að koma í veg fyrir bólusótt. Taldi hann að þannig mætti útrýma bólusótt úr heiminum. Að vísu tók nær tvær aldir að ná því markmiði.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) fullyrðir að engar aðgerðir séu mönnum eins hagkvæmar og bólusetningar. Bólusetningar eru sá liður í heilbrigðisþjónustu sem skilar hvað mestum árangri. Þannig eru margir barnasjúkdómar sem áður voru landlægir hér á landi eru nú nær horfnir.

En það er mikið verk óunnið. Um 10 milljónir barna undir 5 ára aldri deyja á ári hverju á heimsvísu. Fjórðungur þessara dauðsfalla er vegna smitsjúkdóma sem má fyrirbyggja með bólusetningu.

Bólusetningar bjarga 2-3 milljónum mannlífa á ári hverju. Bólusetningar eru ein árangursríkasta og hagkvæmasta aðgerðin í heilbrigðisþjónustu.

Á hverju ári deyja um 1,3 milljónir ungra barna vegna sýkinga af völdum pneumókokkabaktería og rótaveiru. Fyrirbyggja má stóran hluta þessara dánartilfella með bólusetningu.

## **Nýtt og í farvatninu:**

**Mikilvægar nýjungar í þróun nýrra bóluefna eru að líta dagsins ljós.** Viðamiklar rannsóknir á nýjum bóluefnum standa yfir, t.d. gegn influensu, berklum, malaríu, HIV/

AIDS og áætlað er að a.m.k 20 ný eða betri bóluefni verði aðgengileg á næstu árum.

## **Bólusetning gegn lífshættulegum sýkingum og bráðri eyrnabólgu hjá börnum af völdum pneumókokkabaktería.**

Á árinu 2009 koma ný endurbætt bóluefni gegn lífshættulegum sýkingum og bráðri eyrnabólgu hjá börnum af völdum pneumókokkabaktería.

Eyrnabólga er ein algengasta sýking hjá ungum börnum og hefur í för með sér mikla sýklalyfjanotkun. Með aukinni notkun sýklalyfja hafa einnig komið fram bakteríur sem hafa myndað ónæmi gegn sýklalyfjum. Á Íslandi hefur meira borið á sýklalyfjaónæmi samanborið við önnur lönd í Norður-Evrópu. Bólusetning gegn pneumókokkum mun draga úr notkun sýklalyfja og ónæmi baktería minnka.

## **Bóluefni gegn leghálskrabbameini**

Á undanförunum árum hafa komið á markað bóluefni sem eru ætluð til forvarnar gegn leghálskrabbameini. Leghálsskrabbamein er annað algengasta krabbamein hjá konum á heimsvísu. Í Evrópu er leghálsskrabbamein enn stórt heilbrigðisvandamál, jafnvel þótt mörg lönd hafi sett upp skipulagða leit með góðum árangri. Á síðustu árum hefur meðalfjöldi leghálsskrabbameinstilfella á Íslandi verið um 15 á ári. Ein til tvær konur deyja úr leghálsskrabbameini hérlandis árlega. Til viðbótar við reglubundna leit þá er nú aðgengileg viðbótarvörn gegn leghálsskrabbameini, sem felst í bólusetningu.

# Heimsfaraldur inflúensu

## - aðgangur tryggður að bóluefni og veirulyfjum

Íslensk heilbrigðisyfirvöld og eitt aðildarfyrirtæki Frumtaka, lyfjafyrirtækið GlaxoSmithKline, hafa gert samning sem tryggir Íslendingum 300 þúsund skammta af bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu. Samningurinn er liður í undirbúningi íslenskra stjórnvalda vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu. Útbreiðsla inflúensu af stofni A,H1N1 hefur leitt til hækkaðs viðbúnaðarstigs hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og er áminning til þjóða heims um að huga að viðbúnaðaráætlunum. Mikilvægur liður í slíkum viðbúnaði er að tryggja landsmönnum bóluefni ef á þarf að halda.

Þar sem ekki er vitað fyrirfram hvaða inflúensustofn mun valda næsta heimsfaraldri er nauðsynlegt að tryggja aðgang að bóluefni eins skjótt og við verður komið, en gera má ráð fyrir að það muni taka 3-6 mánuði að framleiða efnið.

Heilbrigðisyfirvöld hafa einnig gert samninga um kaup á inflúensulyfjum, dreyþilyfjum og hlífðarbúnaði vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu. Einnig er unnið að því að tryggja nægar birgðir af nauðsynlegustu lyfjum í landinu til að standast alvarlegan heimsfaraldur á borð við inflúensu.

Samstarf og samvinna heilbrigðisyfirvalda, einkaaðila og lyfjafyrirtækja í rannsóknar- og þróunarstarfi hefur eflt varnir og viðbúnað og stuðlað að nýsköpun og þróun nýrra úrræða gegn vágestum náttúrunnar.



# Vissir þú...

- ... **að** á aðeins rúmlega áratug hefur þróuninni verið snúið við þannig að alnæmi er ekki lengur banvænn sjúkdómur, heldur langvarandi kvilli sem halda má í skefjum.
- ... **að** með nýjum lyfjum er hægt að koma í veg fyrir eða hægja á framþróun ýmissa annarra sjúkdóma og komast hjá þeim óþægindum og kostnaði sem fylgir sjúkrahúsvist og bráðaaðgerðum. Slíkar framfarir hafa orðið til þess að sjúklingar, sem og fjölskyldur þeirra og umönnunaraðilar, njóta mun meiri lífsgæða en ella.
- ... **að** frumlyfjaframleiðendur eru drifkrafturinn á bak við fjölda læknisfræðilegra uppgötvana og framþróun og starf þeirra skiptir gríðarlegu máli efnahagslega.
- ... **að** þróun nýrra lyfja er afar flókið ferli og því fylgir stöðugt aukinn kostnaður. Árið 2007 var áætlað að kostnaðurinn við að þróa eitt nýtt lyf væri rúmlega einn milljarður evra. Engin trygging er þó fyrir viðunandi árangri. Af hverjum 10.000 samsetningum sem rannsakaðar eru má vænta þess að aðeins ein fari á markað sem nýtt lyf eftir 10 til 12 ára rannsóknar- og þróunarstarf.
- ... **að** af þeim fáu lyfjum sem fara á markað mun aðeins eitt af hverjum fimm skila tekjum sem eru jafnháar eða hærri en sem nemur kostnaði við rannsóknir og þróun áður en einkaleyfi rennur út.
- ... **að** líftæknigeirinn fer ört vaxandi. Af nýjum lyfjum sem markaðssett eru á ári hverju eiga 20% rætur að rekja til líftæknirannsókna. Þróun á sviði líftækni er einkum mikilvæg þeim 35 milljónum Evrópubúa sem þjást af einhverjum þeirra 7000 sjaldgæfu sjúkdóma sem við þekkjum í dag.
- ... **að** frumlyfjaframleiðendur eru meðal helstu atvinnurekenda á sviði hátækniíðnaðar í Evrópu. Um þessar mundir starfa um 645 þúsund manns í þessum geira í Evrópu. Talið er að þrisvar eða fjórum sinnum fleiri störf tengist óbeint. Því er um sérlega mikilvæga atvinnugrein að ræða fyrir framþróun rannsóknar- og vísindasamfélagsins.
- ... **að** meiri hluti þess bólefnis sem notað er í heiminum er framleiddur í Evrópu og að tveir þriðju hlutar framleiðslustarfseminnar fara fram í Evrópu.
- ... **að** meðal lyfja sem nýlega hafa verið leyfð má nefna bóluefni gegn influensu og bóluefni gegn leghálskrabbameini.
- ... **að** bóluefni gegn öðrum tegundum krabbameins og sjúkdómum á borð við alnæmi og malaríu er meðal þeirra stórkostlegu nýjunga sem vænta má í framtíðinni.

# Um Frumtök...

**Tilgangur** Frumtaka er að **efla og dýpka umræðu um lyfjamál** og önnur heilbrigðismál með **bætta heilsu og lífsgæði** landsmanna að markmiði.

Frumtök **gæta hagsmuna framleiðenda** frumlyfja, annast sameiginleg mál þeirra og stuðla að framsæknum lausnum á krefjandi úrlausnarefnum nútíma heilbrigðisþjónustu.

**Árangursrík heilsugæsla** er samstarfsverkefni yfirvalda, almennings og heilbrigðisstétta. Þar er **samfélagsleg ábyrgð lyfjafyrirtækja óumdeild**.

Mikilvægt er að **ávinningur** af notkun nýrra lyfja skili sér til sjúklinga og að **samfélagið í heild njóti** þess virðisauka sem hlýst af þróun og framleiðslu nýrra lyfja.

Frumtök vilja stuðla að **nýsköpun** lausna sem **bæta heilbrigðisþjónustu** og **nýtingu fjármuna**.

Samtökin leggja áherslu á að tryggð sé **vænleg umgjörð** hér á landi um starfsemi fyrirtækja er vinna að **rannsóknum og þróun**, m.a. með öflugri vernd hugverka og einkaleyfa.

Ljóst er að lyfjarannsóknir í samvinnu við íslenskar heilbrigðisstéttir auka mikilvæga þekkingu á eðli lyfja og **möguleika á að bæta líðan** og horfur sjúklinga.

**Gæði** heilbrigðisþjónustu eru einn **helsti mælikvarði á lífsgæði** í nútímasamfélagi og þar gegna lyf lykilhlutverki.

**Frumlyfjafyrirtækin þjóna landsmönnum á ábyrgan hátt** með því að veita læknum og sjúklingum **öruggan aðgang** að bestu fáanlegum lyfjum sem fyrirbyggja, meðhöndla og lækna sjúkdóma.

Þannig er lagður grunnur að aukinni **vellíðan**, meiri **lífskrafti**, frekari **lífsgæðum** og lengra **lífi**.

Lyf eru **afar mikilvægur** hluti heilbrigðisþjónustu og því skiptir miklu að fagfólk og almenningur geti **treyst á verkun** þeirra til góðs.

Brýnt er að **umfjöllun** um frumlyf og frumlyfjafyrirtæki sé **ábyrg og framsækin** - hafin yfir ómaklega, villandi og skaðlega gagnrýni sem á ekki við rök að styðjast.

